



Pétur Sigurðsson

Fæddur 10. apríl 1969

Dáinn 23. júní 2024



*Útför frá Akraneskirkerju
þriðjudaginn 2. júlí 2024*

Tónlist fyrir athöfn

Forspil *Tears in Heaven*

Eric Clapton

Bæn

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta,
á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur - Margrét Scheving

Ritningarorð



Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Lítu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Bragi Valdimar Skúlason









Ritningarorð

Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag.
Megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér,
að ávallt geymi
þig Guð í hendi sér.

Erlent lag - Bjarni Stefán Konráðsson

Guðspjall

Einsöngur

Dagný

Sigfús Halldórsson - Tómas Guðmundsson

Minningarorð

Einsöngur

You 'll Never Walk Alone

R. Rodgers - O. Hammerstein II

Bæn / Faðir vor

Smávinir fagrir, foldarskart,
fifill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er,
annastu þennan græna reit.
Blessaðu, faðir, blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley, sérdú mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig.
Hægur er dúr á daggarnótt.
Dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

Jón Nordal - Jónas Hallgrímsson

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina	Ég lífi' í Jesú nafni,
upp vex á sléttri grund	í Jesú nafni' eg dey,
fagurt með frjóvgun hreina	þó heilsa' og líf mér hafni,
fyrst um dags morgunstund,	hræðist ég dauðann ei.
á snöggu augabragði	Dauði, ég óttast eigi
af skorið verður fljótt,	afl þitt né valdið gilt,
lit og blöð niður lagði -	í Kristí krafti' eg segi:
líf manlegt endar skjótt.	Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Stairway to Heaven

Led Zeppelin

Prestur: sr. Þráinn Haraldsson

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Söngur: Kammerkór Akranes Kirkju

Einsöngur: Stefanía Svavarsdóttir

Píanó: Birgir Þórisson

Fíðla: Matthías Stefánsson

Útfararþjónusta Akranes Kirkju

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar, gott spjall og samveru að hætti Péturs í Nútjándu, klúbbhúsi golfklúbbsins Leynis að Garðavelli á Akranesi